

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

1. gr.

Við 15. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heilbrigðisnefnd skal auglýsa drög að aðgerðaráætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana.

2. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 um þátttöku almennings, að því er varðar gerð tiltekinna skipulags- og framkvæmda-áætlana um umhverfið, og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/337/EBE og 96/61/EB með tilliti til þátttöku almennings og aðgangs að réttarkerfinu, sem vísað er til í lið 1k 1. kafla XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2012 frá 10. febrúar 2012.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. apríl 2013.

F. h. r.

Stefán Thors.

Sigríður Auður Arnardóttir.